Garðyrkjuskólinn Reykjum

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Haustönn 2023

# HARÆ4SR02

## Hagnýt ræktunarverkefni

| | |
|---|---|
| Kennari: | **Gerður Eðvarsdóttir (gerdur.edvarsdottir@fsu.is)** |

| **Áfangi**<br>HARÆ4SR02 - Hagnýt ræktunarverkefni | **Einingar**<br>**2 fein** | **Hæfniþrep**<br>**4** |
|---|---|---|
| **Lýsing**<br>Áfanginn byggist á því að nemendur leysa hagnýt verkefni um ræktun einstakra tegunda. Nemendur skipuleggja og setja sjálfir af stað ræktun í ylrækt og framkvæma sjálfir, eftir atvikum sáningu, grisjun, dreifsetningu eða plöntun og fylgja plöntunum eftir í áframhaldandi ræktun. | | |
| **Forkröfur**<br>ALYL3FV06 (Almenn ylræktun), PLEF3FV05 (Plöntulífeðlisfræði). (Allir áfangar fyrstu þriggja anna garðyrkjunámsins.) | | |
| **Þekkingarviðmið**<br>• Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• Gerð ræktunaráætlana.<br>• Öflun aðfanga til ræktunar og hvenær þau þurfa að vera til staðar.<br>• Viðeigandi aðstöðu og búnaði til viðkomandi ræktunar.<br>• Helstu óvissuþáttum sem geta haft áhrif á árangur ræktunarinnar.<br>• Nauðsynlegu vinnuframlagi til að ræktunin skili árangri.<br>• Gæðum þeirra plantna/plöntuafurða sem rækta á. | **Hæfniviðmið**<br>• Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• Vinna sjálfstætt að ræktunarverkefnum þannig að plöntur/plöntuafurðir séu af tilskyldum gæðum, metið með vinnuframlagi, verklagi og samviskusemi.<br>• Skilja og hafa góð tök á samspili umhverfisþátta við ræktun, metið með rökstuðningi.<br>• Tengja stýringu umhverfisþátta við niðurstöður ræktunarverkefna, metið með rökstuðningi og kynningu | |

| | |
|---|---|
| **Leikniviðmið**<br>• Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• Gera ræktunaráætlanir og framfylgja þeim.<br>• Afla nauðsynlegra aðfanga til ræktunarinnar og tryggja að þau berist á réttum tíma.<br>• Velja viðeigandi aðstöðu og búnað fyrir viðkomandi ræktun.<br>• Skoða óvissuþætti sem tengjast ræktuninni.<br>• Skipuleggja vinnuframlag til að tryggja að ræktunin skili viðeigandi árangri.<br>• Rækta plöntur/plöntuafurðir af fyrirfram ákveðnum gæðum. | • Bregðast á viðeigandi hátt við óvissuþáttum sem geta haft áhrif á ræktunarverkefni, metið með útsjónarsemi og verklagi.. |
| **Námsmat**<br>Einkunn fyrir frammistöðu í ræktunarverkefnum nemenda, einkunn fyrir lokaskýrslu | |
| **Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)**<br>Hver nemandi vinnur sjálfstætt að hagnýtu ræktunarverkefni. Kennari er til staðar ef nemendur leita til hans varðandi framkvæmd og uppsetningu verkefnis og styður nemendur við úrlausn vandamála. | |
| **Tenging við grunnþætti**<br>**Læsi**: Nemendur vinna sjálfstætt að ræktunarverkefni og þurfa að lesa í þrif og umhverfi plantna til að ná tilskyldum árangri í verkefninu.<br>**Sjálfbærni**: Nemendur þurfa að ganga þannig um aðföng verkefnis að ekki gangi á rétt annarra nemenda til aðfanga. | |
| **Dags.:** 16.9.2013 **Höfundur:** Guðríður Helgadóttir | |

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

| Vika | Dags. | Tími | Efni | Verkefni |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 28.8.2023 | 12:45- 15:45 | Staðarlota - inngangur og kynning, aðföng, tegundir og blöndun ræktunarefnis, sáning | |
| 2 | 5.9. 2023 | 14:15– 15:45 | Haldið á þar sem frá var horfið í staðarlotu. Helstu hugtök í forræktun sem þarf að kunna skil á. | |
| 3 - 4 | 12.9.2023<br>19.9.2023 | 14:15– 15:45<br>14:15 -15:45 | Mælingar, mat og skráning | |
| 5 | 27.9.2023 | 09:00– 15:45 | Mælingar, mat og skráning | Stöðuskýrsla |
| 6 | 3.10.2023 | 14:15 -15:45 | Eftirfylgni, mælingar og skráning | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **7** | 10.10. 23 | 14:15 -15:45 | Eftirfylgni, mælingar, skráning | |
| **8** | 17.10. 23 | 14:15 -15:45 | Eftirfylgni, mælingar og skráning | |
| **9** | 24.10. 23 | 14:15 -15:45 | Eftirfylgni, mælingar og skráning | |
| **10** | 30.10. 23 | 12:45– 15:45 | Mælingar og mat og skráningar | Stöðuskýrsla |
| **11** | 7.11. 2023 | 14:15– 15:45 | Áframhaldandi eftirfylgni, mælingar og skráning | |
| **12** | 14.11. 23 | 13:30– 14:55 | Eftirfylgni, mælingar og skráning | |
| **13** | 21.11. 23 | 13:30– 14:55 | lokamælingar, mat og skráningar. Undirbúningur fyrir lokaskýrslu. | |
| **14** | 28.11.23 | 13:30– 14:55 | Frágangur í gróðurhúsi | Skil á lokaskýrslu |

**Skipulag námskeiðs**

Þessi áfangi snýst um að vinna að hagnýtu verkefni í ræktun og fer kennslan, sem er verkleg, fram í gróðurhúsum á Reykjum. Kennari verður til staðar til að aðstoða nemendur eftir föngum við uppsetningu og framkvæmd verkefnis og úrlausn vandamála. Mikilvægt er að nemendur skrái hjá sér framvindu verkefnisins á ræktunartímanum og allar mælingar og mat á plöntunum, til nota í lokaskýrslu.

**Fyrirlestrar:** Engir fyrirlestrar verða í þessum áfanga en kynning á áfanganum verður í fyrsta tíma annar.

**Staðarlotur:** Mætingaskylda er hjá fjarnemum í lotuvikum. Mikilvægt er að allir nemendur mæti eins oft og þeir sjá sér fært, þar sem þeir eru ábyrgir fyrir sinni ræktun og þurfa að skila skýrslu í lok annar um skipulag, framvindu og niðurstöðu ræktunarinnar.

**Upptökur og streymi:** Engar upptökur eða streymi verða í boði en mögulega mun kennari og/eða nemendur setja inn myndir/mælingar af ræktuninni til að auðvelda fjarnemum sem ekki komast í alla tíma, að fylgjast með.

**Námsmat:** Þátttaka nemenda í ræktuninni,, lokaskýrsla.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Garðyrkjuskóli - FSU, Reykjum, 23. ágúst 2023

Gerður Eðvarsdóttir